

Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi – FEBSEL

Fundargerð

1.fundur starfsársins

Fundarstaður: Félagsaðstaða eldri borgara á Seltjarnarnesi, Skólabraut 5–7

Fundartími: 5. maí 2022 kl.17.00

Mættir: Inga Hersteinsdóttir, Kristbjörg Ólafsdóttir, Petrea Ingibjörg Jónsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Þóra Einarsdóttir og Ragnheiður Haraldsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Stefán Bergmann boðaði forföll.

Fundarefni:

1. Formaður fór yfir dagskrá, sem var samþykkt.
2. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt. Ákveðið að hafa form á fundargerðum svipað og verið hefur. Fundarritari sendir formanni drög að fundargerð a.m.k. viku fyrir næsta fund.
3. Rætt um vörslu og skipulag gagna félagsins. Þórleifur, fyrrv. ritari, verður boðaður á næsta fund í haust þar sem fjallað verður um hvernig varsla gagna félagsins hefur verið og hvernig væri æskilegast að tryggja hana. Hann var boðaður á þennan fund en komst ekki.
4. Formaður gerir grein fyrir tveimur nýafstöðnum fundum á vegum LEB sem hún sat fyrir okkar hönd. Sá fyrri var 12. apríl (zoom fundur) en það var

undirbúningsfundur fyrir landsfundinn, og var boðað til hans 50 formönnum félaga um land allt.

Þar var m.a. gerð grein fyrir skipun nefndar um málefni aldraðra, sem ætlað er að gera tillögur um hvernig bæta megi samræmi milli félags- og heilbrigðisþjónustu.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun veitir nú góð lán til frjálsra félagasamtaka sem vilja byggja fyrir aldraða.

Mikið var rætt um þörfina fyrir millistig, sk. lífsgæðakjarna, sem tengja saman margvíslega þjónustu fyrir þá sem þurfa aðstoð en ekki hjúkrunarheimilispláss.

Fjallað var um appið Abler sem er bókhaldskerfi og velt vöngum yfir hag okkar af því. Skoðað nánar síðar.

Bent var á að appið Torgið sé auðvelt í notkun og þyrfti að kynna betur, þar er m.a. afsláttabókin.

5. Landsfundurinn var haldinn í féagsheimili eldri borgara í Flatahrauni 3. Mjög vel var að honum staðið og hann var afar fjölmennur. Seltirningar eiga aðeins rétt á einu sæti á fundinum.

Formaður LEB, Helgi Pétursson bindur vonir við stjórnskipuðu nefndina um málefni aldraðra, og mun hún leita víðtæks samráðs.

Málefni aldraðra bíða nú afstöðu Hæstaréttar og er dóms að vænta í haust.

Nú eru um 48.000 aldraðir á landinu en aðeins um 20.000 félagsmenn í LEB. Þörf er á að miklu fleiri skrái sig til þátttöku, því það þarf styrk til að þoka málum áfram.

Starfsemi félaga er mjög ólík innbyrðis. T.d. sér félagið í Garðabæ um Janusarprogrammið þar, en það er mun minna niðurgreitt en hjá okkur. Sum félög einskorða alla atburði við félagsmenn (130 félagsmenn á Seltjarnarnesi á síðasta ári).

Þrjár nefndir komu að undirbúningi Landsfundarins, þ.e. kjaranefnd, húsnæðisnefnd og velferðarnefnd

Fjallað var um Heilsusetrið í Hafnarfirði og um mikilvægi þess að hreyfifræðsla verði innan hg. stöðva. Kynnt var að sækja má um styrki til sérstakra verkefna til LEB.

Kristbjörg formaður okkar kynnti sér fyrst og fremst húsnæðismál. Bent var á að húsnæði fyrir eldri borgara á Seltjarnarnesi við Skólabraut mætir ýmsum þörfum fyrir þennan aldurshóp. Vel kemur þó til greina að skoða frekari hugmyndir og lánaþyrngreiðslur til að efla húsnæðisþáttinn hér á Nesinu.

Landsfundafulltrúar voru minntir á mikilvægi þess að fylgjast með loforðum sem fram koma í sveitarstjórnakosningum og láta LEB vita um framvinduna.

Á Landsfundinum var rætt um sveigjanleg starfslok, en vinna við þær hugmyndir þarf að halda áfram.

Í pallborði sátu m.a. forsvarsmenn launþegasamtaka, og var því beint til þeirra að taka kröfur aldraðra inní þeirra umræðu við stjórnvöld og forkólfa í atvinnulífinu. Fram kom að kröfur aldraðra hafa þegar verið teknar inn í þjóðhagsráð og í umræðu um sveigjanleg starfslok.

6. Önnur mál.

Rætt um kynningu á starfi FEBSEL.

Á döfinni er ferðalag aldraðra Seltirninga í boði bæjarfélagsins uppá Langjökul. Ákveðið var að FEBSEL styrki þá einstaklinga sem fara í þessa ferð og eru félagsmenn okkar um 5000 kr. Þóra tekur þetta að sér.

Ákveðið að halda næsta fund í ágúst.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.18.20.

RH